

Alþingi
Erindi nr. P 130/756
komudagur 16.1.2004

130. löggjafarþing 2003-2004,
Þskj. 352-307.mál.

Umsögn um
frumvarp til laga nr. 70/1996 um breytingu á lögum um réttindi og skyldur
starfsmanna ríkisins.

Athugasemd við 1. gr.:

Röskstuðningur fyrir brottfellingu 21. gr. er ekki skýr að okkar mati. Okkur þykir eðlilegt að halda í skriflega áminningu til að gæta réttinda starfsmanna og til að tryggja að forstöðumenn geti ekki misbeitt valdi sínu með fyrirvaralausum og órökstuddum uppsögnum. Við teljum að svigrúm forstöðumanna sé til staðar til að bregðast við vanhæfni starfsmanna og/eða brotum í starfi þannig að uppsögn geti tekið gildi innan tilskilins frests og allra réttinda starfsmanna sé gætt. Við teljum að skýra þurfi betur ástæður uppsagnar og að uppsagnarferlið sé gert skilvirkara. Við teljum að andmælarétturinn verði að vera fyrir hendi.

Sé verklag uppsagnar skýrt og skilvirkt þá sjáum við ekki að þörf sé á því að fella burtu ákvæði um skriflega áminningu. Við alvarlegu broti í starfi s.s. brot á almennum hegningarlögum er hægt að vísa fólki úr starfi og teljum við að það þurfi að skýra betur hvenær í hvaða tilvikum skriflegrar áminningar er ekki þörf til að brottvikning úr starfi sé réttmæt.


Að fella burt 21. gr. gefur tilefni til geðþóttaákvæðana.


Engar athugasemdir 2. gr.

Athugasemd við 3. gr.:

Teljum að 44. gr. þurfi sömuleiðis að standa óbreytt og vísam í athugasemdir við 1. gr.

Fyrir hönd Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa,


Guðbjörg Ottósdóttir, félagsráðgj.


Margrét S. Jónsdóttir, félagsráðgj.